



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á Norrænu öldrunarfræðingaráðstefnunni
í Reykjavík
4. júní 2000**

Það er mér sérstök ánægja að bjóða ykkur öll velkomin til Íslands og óska ykkur árangurs og ánægju á þingi ykkar.

Það væri á margan hátt áhugavert að fá að taka þátt í umræðum ykkar og leita með ykkur svara við spurningunni: Hvað er aldur eða öldrun? – en sú spurning hefur orðið mér sífellt hagleiknari.

Er það einhver ákveðin vegamót, þáttaskil á lífshlaupinu þar sem tilkynnt er með tilstuðlan laganna að nú sé ævistarfið orðið nokkuð gott, best fyrir alla að hætta á sama tímapunkti, telja svo sjálfum sér og öðrum trú um að upp frá því sé hvorki hægt að skapa nokkuð nýtt né vera til gagns

Fellst í því dómur um ákveðna hegðun, athæfi eða lífsstíl? Er það ávísun á brotthvarf úr önn hversdagsins, iðjuleysi og rólegt líf? Eða er það þægileg formúla sem þjóðfélagsþróunin hefur smátt og smátt smíðað til að rýma til á vinnumarkaði og skapa reglur og siði sem henta hinum yngri?

Hvaðan er sú speki að sköpunarkrafturinn falli í dá um leið og tekið er við fyrstu eftirlaunagreiðslunni? Hvers vegna afsalar samfélagið sér þeim auðæfum sem felast í nýsköpunargetu og framfarasókn þeirra sem komnir eru á efri ár?

Dæmin eru samt óteljandi um að frumkraftur til nýrra verka lifir ævina nánast á enda, kraftur til nýrra uppgötvana, nýrrar listsköpunar, nýrra hugmynda, nýrra framkvæmda, kraftur til áhrifa á sjálfa sögu mannkyns með mótun örlagaríkra atburða og nýrri heimssýn.

Á fyrsta ári mínu við háskólann í Bretlandi hlýddi ég á heimspekinginn Bertran Russell, þá rúmlega níraðan halda fyrirlestur í troðfullum 2000 manna sal; blaðalaus og í nærri tvo tíma stóð hann einn á sviðinu og snilldin og stílbrögðin voru slík að hægt hefði verið að skrá fyrirlesturinn orðréttan og búa til birtingar án nokkurra breytinga. Og eru þau ekki mörg glæsisöfn heimsborganna sem draga til sín hundruð þúsunda ef ekki miljónir manna á hverju ári til að skoða málverkin sem Picasso og aðrir höfuðsnillingar aldarinnar máluðu á því skeiði ævinnar sem reglugerðir svokallaðra þróaðra samfélaga hafa úrskurðað að eigi að einkennast af verklokum og iðjuleysi.

Var ekki Winston Churchill lögformlegt gamalmenni þegar hann leiddi lýðræðisríki veraldar til sigurs í hatræmmri styrjöld gegn glæpaveldi Hitlers? Var ekki Ronald Reagan venjulegur ellilífeyrisþegi þegar hann sigraði í forsetakosningunum í Bandaríkjunum og var svo endurkosinn með glæsibrag kominn væna leið að áttæðu? Ætli Einstein hafi hætt að hugsa þegar hárið tók að grána?

Ættum við ekki að leita leiða sem færa munu samfélagi, atvinnulífi, menningu og vísindum ágóða og ánægju af sköpunarverkum hinna eldri og hætta að úrskurða nær alla úr leik á þeim vettvangi um leið og ákveðnu aldursmarki er náð?

Ég veit að dagskrá ykkar ágæta þings hefur þegar verið ákveðið en ég vona samt að þið hafið tóm og tækifæri til að hugleiða þessar áleitnu spurningar.

Um leið vona ég að þið hafið einnig tíma til að kynnst sköpunarkrafti sjálfrar náttúrunnar hér á Íslandi, hinni eilífu sýningu sem máttarvöldin efna til á landi okkar.

Það er sagt í gamla testamentinu að Guð almáttugur, sjálfsagt háaldraður, hafi skapað heiminn á sex dögum og svo tekið sér hvíld. Gallinn við þessa frásögn er að hún er ekki alveg rétt. Þegar kom að sköpun Íslands fannst Guði verkefnið svo spennandi að sköpunarverkið hefur haldið hér áfram allt til þessa dags, eins og sjá má á eldfjöllunum, hrauninu, hverunum og finnst í jarðskjálftunum.

Ég vona að þið getið líka notið þessa sköpunarverks og Íslandsdvölin verði til umhugsunar um þann kraft sem býr í hinum öldruðu fyrst almættið stundar enn svo stórkostlegt verk hér hjá okkur Íslendingum.